



Alþingi
Erindi nr. þ 138/1788
komudagur 23.4.2010

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 20.04.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um mannvirki, þskj. 743 - 426. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 -2010**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um mannvirki, þskj. 743 - 426. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 -2010.

Frumvarp þetta er efnislega svipað og frumvarp um sama efni sem lagt var fram í ársbyrjun 2006. Í ljósi þess er einnig vísað til fyrri athugasemda Landsvirkjunar um það frumvarp ásamt greinargerð fyrirtækisins um undirbúning, hönnun og eftirlit með framkvæmdum fyrirtækisins.

Hér verða í stuttu máli gerðar nokkrar athugasemdir umfram þær sem áður komu fram í fyrri umsögn Landsvirkjunar.

Athygli vekur að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins eiga lögin ekki að gilda um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, s.s. flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli. Í öllum tilvikum er um að ræða opinberar framkvæmdir og mannvirki þar sem mikið reynir á öryggi, gæði og endingu mannvirkja, en skv. a. og b. lið 1. gr. er það markmið laganna að stuðla að slíku.

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem er nýmæli í lögnum. Samkvæmt ákvæðinu falla virkjanir undir ákvæði laganna. Landsvirkjun á erfitt með að sjá hvaða rök liggja að baki því að hafnir, varnargarðar, samgöngumannvirki, vegir, jarðgöng og fleiri mannvirki skuli undanskilin lögnum en virkjanir falla undir lögin. Stærri virkjanir eru í raun mörg mannvirki, vegir, brýr, jarðgöng stíflur og garðar. Eðlilegt er að sama gildi um allar slíkar framkvæmdir. Erfitt er að sjá tilefni þess að ekki þurfi að gilda sömu almennar reglur um opinberar framkvæmdir ríkisins og annarra. Því er lagt til að annaðhvort verði virkjanir undanskildar ákvæðum laganna og felldar út úr 2. mgr. 9. gr. eða að þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 2. gr. verði einnig felldar undir lögin, svo jafnræðis verði gætt.

Oftar en ekki eru einstök mannvirki virkjana staðsett í fleiri en einu sveitarfélagi og dæmi eru um að fjögur sveitarfélög komi að skipulagi og leyfisveitingum vegna slíkra framkvæmda. Frá setningu skipulags- og byggingarlaga árið 1997 hefur þurft sérstakt framkvæmdaleyfi fyrir





virðjunarframkvæmdum í heild, en byggingarleyfi hefur verið veitt fyrir almennum byggingum. Í tilvikum sem þessum þegar lagaákvæði um framkvæmdaleyfi er fellt út virðist ætlunin að byggingarleyfi verði gefið út fyrir virðjunina í heild og síðan fyrir hvert einstakt mannvirki er fellur undir lögum. Mikilvægt er að samræma þetta leyfisferli sem best. Í fyrra lagafrumvarpi var gert ráð fyrir því að byggingastofnun myndi annast útgáfu byggingarleyfis fyrir virkjanir en hér er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúar annast leyfisveitingar til virkjana. Landsvirkjun telur eðlilegast að sveitastjórnir veiti áfram framkvæmdaleyfi fyrir virkjunum eins og verið hefur enda eru slík leyfi háð skilyrðum um mat á umhverfisáhrifum og að fyrir liggi staðfest skipulag samkvæmt skipulagslögum. Byggingarleyfi yrði hins vegar gefið út fyrir hvert mannvirki er fellur undir hin nýju byggingarlögum. Ef ekki verður fallist á það sjónarmið væri eðlilegast að byggingastofnun veitti byggingarleyfi fyrir virkjunum í heild en byggingarfulltrúar veittu leyfir fyrir einstökum mannvirkjum. Breyta þyrfti þá niðurlagsorðum 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Landsvirkjun hefur ávallt viðhaft afar öflugt eftirlit með virðjunarframkvæmdum sínum og fengið til þeirra starfa hæfustu sérfræðinga innlenda og erlenda. Þetta eftirlit er margfalt víðameira og öflugra en hefðbundið opinbert eftirlit með byggingum í dag, enda verða mannvirkin að standast alþjóðlegar gæðakröfur. Miðað við ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins ætti að vera auðvelt að samræma þetta eftirlit við yfirferð hönnunargagna og framkvæmdaúttektar skoðunarstofa. Við svo viðamiklar og umfangsmiklar framkvæmdir verða allar úttektir að ganga án hnökra til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á verkframkvæmd og óþarfa margþátta eftirlit. Í reglugerð með væntanlegum lögum er nauðsynlegt að taka sérstaklega á þessu atriði.

Landsvirkjun lítur svo á að of langt sé gengið í því að gera vinnubúðir byggingarleyfissskyldar, enda er þar um að ræða bráðabirgðaaðstöðu til takmarkaðs tíma. Eðlilegast væri að veita slíku húsnæði formlegt stöðuleyfi til takmarkaðs tíma eins og kveðið er á um í núgildandi byggingarreglugerð nr. 441/1998 sem reynst hefur vel.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri